

**Nd.**

**22. Frumvarp**

til laga um beitutekju.

Flutningsm. Matth. Ólafsson.

1. gr.

Sjerhver sá, er heimild hefir til fiskiveiða i landhelgi, má setja á land skelfiskbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða áros, sem laxveiði er i. Fyrir þetta skal hann greiða 2 krónur fyrir hvern sólarhring i hvert skifti, sem hann tekur beitu.

Fyrir skemri tíma greiðist sama gjald.

2. gr.

Eigi má taka beitu i netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraums fjörumáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart i hvert skifti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkvæmt 1. gr.

Nú vanrækir formaður að gera ábúanda aðvart i hvert skifti, sem

hann ætlar að taka skelfisk fyrir landi hans, og varðar það alt að 20 kr. sekt fyrir hvert skifti.

3. gr.

Nú tekur maður i óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það alt að 20 króna sekt, og borga skal hann allan þannig upptekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

4. gr.

Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sje umsamið. Sje ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af hinna hálfu.

6. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í sveitarsjóð, þar sem brotið er framið.

7. gr.

Með mál út af lögum þessum skal farið sem opinber lögreglumál.

8. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög um beitutekju nr. 60, 10. nóv. 1905.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1915.